

Leiðbeiningar

1. Seljandi (stofnun, ohf) fyllir út beiðni um sölu bifreiða og/eða tækja á heimasíðu Ríkiskaupa Seljandi ákveður lágmarksverð að höfðu samráði við Krók ehf. Skilmálar seljanda á www.bilauppbod.is , <http://www.bilauppbod.is/pages/view/skilmalarseljanda>
2. Seljandi kemur bifreið eða tæki til Króks ehf sem hefur uppboðsferlið. Krókur ehf er til húsa að Vesturhrauni 5, 210 Garðabæ, sími 522 4610. Krókur ehf sendir Ríkiskaupum tilkynningu um að sölufurlið sé hafið.
3. Uppboðstími er upb. ein vika.
4. Hafi lágmarksverði ekki verið náð og búið er að bjóða bifreiðina/tækið upp tvisvar þ.e. að farnar hafi verið tvær umferðir á uppboðsvefnum munu Ríkiskaup koma að ákvörðun um næstu skref.
5. Bifreiðar/tæki sem eru ógangfær eða vegna staðsetningar reynist erfitt að koma á uppboðsstað, er eftir sem áður mögulegt að bjóða upp hjá Króki ehf. Til þess að svo megi verða verður seljandi að senda greinargóða lýsingu á ástandi bifreiðar/tækis og myndir sem sýna umræddan búnað frá öllum hliðum svo og að innan. Seljanda ber að uppfylla kröfur Króks ehf hvað þetta varðar.

Frágangur og uppgjör:

1. Krókur ehf annast frágang afsals og gengur frá eigendaskiptum.
2. Krókur ehf annast uppgjör til stofnunar.
3. Krókur ehf sendir Ríkiskaupum yfirlit yfir allar seldar bifreiðar og tæki á tveggja mánaða fresti ásamt söluupphæðum.

Gjaldskrá:

Gjaldskrá	Verð kr. án vsk	Verð kr. með vsk
Uppboð og sala ökutækja, véla og tækja seld á 250.000- kr. eða meira	56.542	70.000
Uppboð og sala ökutækja, véla og tækja, seld á undir kr. 250.000,-	28.000	34.720
Uppboð notaðra muna 20% af söluverði	Þó að hámarki 45.000	Með vsk 55.800
Geymslugjald á sólarhring innanhúss	2.500	3.100
Þóknun ef greitt er með debetkorti		500
Þóknun ef greitt er kreditkorti		1,80%